



Rannsóknastefna Vegagerðarinnar

Hreinn Haraldsson
Framkvæmdastjóri þróunarsviðs



- Rannsóknastefnan tekur mið af hlutverki og markmiðum Vegagerðarinnar, og er megintilgangurinn með henni að vinna á markvissan hátt að því að greina þörf á mismunandi sviðum, forgangsraða verkefnum og gera rannsóknir skilvirkari



Helstu þættir

- að hafa frumkvæði að rannsóknna- og þróunarstarfi sem stuðlar að því að Vegagerðin geti uppfyllt markmið sem sett eru fram á hverjum tíma
- að afla nýrrar þekkingar á sviði vega- og samgöngumála, m.a. með þátttöku í erlendu rannsóknasamstarfi, og að koma innlendri og erlendri þekkingu í hagnýt not



Helstu þættir

- að stuðla að því að niðurstöður rannsóknna- og þróunarstarfs varðandi aðferðir, efnisnotkun og hagkvæmara vinnulag skili sér í staðla og breyttu verklagi, til að auka gæði vegakerfisins og þeirrar þjónustu sem Vegagerðin veitir á hverjum tíma

Helstu þættir

- að stuðla að því að niðurstöður rannsóknar- og þróunarstarfs varðandi umferðaröryggi skili sér í öruggari umferð á þjóðvegum landsins fyrir alla vegfarendur
- að stuðla að því að niðurstöður rannsóknar- og þróunarstarfs varðandi umhverfi og samfélag skili sér í góðri sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa

Helstu þættir

- að stuðla að samvinnu þeirra sem bera ábyrgð á og stunda rannsóknir á þessu sviði
- að veita upplýsingar um þessa starfsemi og niðurstöður rannsókna
- að meta niðurstöður rannsókna- og þróunarstarfsins og nota þær sem grunn fyrir úrbætur



Þrjár fagnefndir til ráðgjafar

- Mannvirki
- Umferð
- Umhverfi og samfélag

Skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar
– og aðilum utan stofnunarinnar



Þrjár fagnefndir til ráðgjafar

- Leggja fram áherslusvið innan hvers flokks fyrir hverja úthlutun sem fram fer á fyrstu mánuðum hvers árs og kynna fyrir umsjónarmönnum rannsóknarstarfsins
- Kallað verður eftir skilgreiningum verkefna í samræmi við það
- Einnig er veitt fé til verkefna sem ekki eru innan áherslusviðanna
- Auk þess er lögð sérstök áhersla á tiltekna efnisflokka til lengri tíma



Úthlutun rannsóknafjár

- Rannsóknarráð er skipað af vegamálastjóra
- Leggur fyrir hann tillögur að úthlutun fjárveitinga til einstakra verkefna
- Rannsóknarráðið vinnur tillögurnar í samvinnu við umsjónarmenn rannsóknarstarfsins og með hliðsjón af áherslum fagnefnda

Í rannsóknastarfi

- Er lögð áhersla á
 - hagnýtar rannsóknir
 - nýtingu þekkingar- og gagnaöflunar í starfsemi Vegagerðarinnar
- Einnig
 - árlega verði hluti rannsóknafjár notaður til að styrkja grunnrannsóknir sem tengjast starfsemi Vegagerðarinnar



Innleiðing niðurstaðna

- Hverjir nota niðurstöðurnar?
- Gefa þeim tækifæri á að koma að mótun verkefnisins og innleiðingu niðurstaðna



Gildistími

- Rannsóknastefnan er í stöðugri endurskoðun í samræmi við breyttar áherslur og þarfir samfélagsins, sem meðal annars kemur fram þegar fagnefndir kynna áherslusvið hvers árs
- Rannsóknastefnan var samþykkt af yfirstjórn Vegagerðarinnar 30. október 2006